

Ed.

182. Nefndarálit

um frv. til laga um, að niður falli útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég get fallizt á, að útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum falli niður, að því tilskildu, að frá sama tíma falli niður greiðsla úr rikissjóði til ræktunarsjóðs á hluta af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum nr. 11, 29. maí 1925. Samkvæmt þeim lögum skyldi frá 1. jan. 1927 tekjuauka þeim, sem aflaðist af hækkun útflutningsgjaldsins samkvæmt sömu lögum, varið að $\frac{3}{4}$ til rekstrar- kostnaðar við strandgæzluskip, en að $\frac{1}{4}$ til Ræktunarsjóðs Íslands, unz framlagið til hans úr rikissjóði væri komið upp í 1 millj. kr. Var með þessu ætlað til, að landhelgisgæzlan nyti gjaldaukans af sjávarafurðum, en ræktunarsjóðurinn af landbúnaðarafurðum. En nú er svo komið, að allt útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum nemur 40—50 þús. kr., og hluti ræktunarsjóðs af útflutningsgjaldi ámióta upphæð árlega. Virðist því einsætt, að með niðurfellingu útflutningsgjalds af landbúnaðarafurðum falli og niður umrædd greiðsla til ræktunarsjóðs, enda getur hún ekki haft verulega þýðingu fyrir útlána- starfsemi ræktunarsjóðsins, eins og högum hans er nú komið.

Eftir frv. eiga lögin að verka aftur fyrir sig, til 1. marz 1933. Eðlilegast virðist þó að binda þetta við áramót, og flyt ég brtt. samkv. því.

BREYTINGARTILLAGA.

Fyrsta grein frv. orðist svo:

Frá 1. jan. 1933 fellur niður útflutningsgjald af hverskonar landbúnaðarafurðum. Frá sama tíma fellur niður greiðsla til Ræktunarsjóðs Íslands samkvæmt 3. gr. laga nr. 11, 29. maí 1925, sbr. 2. gr. 4. tölul. laga nr. 17, 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands.

Alþingi, 17. marz 1933.

Jón Þorláksson.